

Lúðvík Júlíusson
Hraunbær 58
110 Reykjavík

Alþingi – nefndasvið
b.t. Allsherjar- og menntamálanefndar
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík 27. nóvember 2023

Efni: Mál 24. Svar minnisblaði frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu í máli 240. Frumvarp um breytingu á ýmsum lögum í þágu barna(sambætting þjónustu o.fl)

Föstudaginn 24. nóvember barst Allsherjar- og menntamálanefnd minnisblað frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu. Minnisblaðið var svar ráðuneytisins við umsögnum sem borist höfðu vegna frumvarpsins.

Um umsögn mína segir ráðuneytið meðal annars:

„Í lögum um sambættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 er mælt fyrir um þjónustu sem er aðgengileg foreldrum og er þar ekki gerður greinarmunur á því hvort foreldrið er með sama lögheimili og barnið.“

Þetta er því miður rangt hjá ráðuneytinu. Í 6. lið 2. greinar I. kafla laga 86/2021 er gerður greinarmunur á foreldrum. Þar stendur:

*„Foreldri: Foreldri og/eða forsjáraðili barns samkvæmt ákvæðum barnalaga. Hugtakið getur einnig átt við barnshafandi einstakling vegna sambættingar þjónustu á meðgöngu. **Um hlutverk, samstarf og verkaskiptingu foreldra og forsjáraðila í einstökum tilvikum gilda ákvæði barnalaga og annarra sérлага eftir því sem við á.**“ (feitletrunin er mín).*

Fullyrðing ráðuneytisins um að ekki sé gerður greinarmunur á foreldrum er rangur.

Réttara hefði verið hjá ráðuneytinu að spyrja sveitarfélögin, sem veita þjónustuna, og Barna- og fjölskyldustofu hvort gerður sé greinarmunur á foreldrum.

Ráðuneytið hefur áður sagt að sveitarfélögin beri ábyrgð á framkvæmd þjónustu og að ákvörðun um það hvort foreldri hafi aðild að þjónustu og teymisfundum sé ekki kæránleg heldur í valdi sveitarfélaga að ákveða¹.

Mennta- og barnamálaráðuneytið hefur ekki gefið út neinar leiðbeiningar eða tilmæli til sveitarfélaga um að þetta hafi breyst.

Engar leiðbeiningar eða upplýsingar eru aðgengilegar á netinu um aðild og aðildarleysi foreldra.

Ég sendi fyrirspurn til Reykjanesbæjar um aðild foreldris sem ekki hefur lögheimili barns og þar fást engin svör því ekki er almennt gert ráð fyrir aðild foreldris. Það fær kannski að vera gestur en lög tryggja ekki að það fái aðild eða sæti við borð. Lögin tryggja ekki að barn/börn sem þarf á miklum stuðningi að halda fari til foreldris sem hefur þekkingu, getu og stuðning til að styðja við skólagöngu barnsins.

Það sama á við um samskipti við skóla og upplýsingagjöf frá skóla. Þar er gerður greinarmunur á foreldrum og er bréf Umboðsmanns Alþingis gott dæmi um það². Þar sagði í stuttu máli að skóli þurfi

¹ MMR18070054/14.4.0

² <https://www.umbodsmadur.is/alit-og-bref/mal/nr/9053/skoda/mal>

ekki að vera í samskiptum við foreldri sem ekki hefur lögheimili barns, að hönnun veflausna þurfi ekki að taka mið af stöðu barna.

Mennta- og barnamálaráðuneytinu hefur mistekist að svara þessum mikilvægu álitamálum.

Það er því hafið yfir vafa að gerður er greinarmunur á foreldrum og að börn sem búa á tveimur heimilum hafa almennt minni stuðning og rétt til þroska en önnur börn.

Ef þið hafið einhverjar spurningar eða athugasemdir þá skuluð þið ekki hika við að hafa samband.

Kveðja,

Lúðvík Júlíusson